

Umhverfisstofnun  
Áb. 0A  
04 AUG. 2004  
54.6  
Tilv. UST20040700036

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbrani 24  
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

3. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040700036/6á

### Endurbýgging Glerárvirkjunar. Matsskylda - frekari umsögn

Umhverfisstofnun hefur borist afrit af frekari svörum framkvæmdaraðila vegna matsskyldu enduruppbyggingar Glerárvirkjunar, með tölvuskeyti dags. 3. ágúst sl.


Í svörum framkvæmdaraðila koma fram frekari upplýsingar um framkvæmdina, hvernig einstaka framkvæmdaþættir verða útfærðir og hversu miklu jarðvegsraski megi búast við vegna framkvæmdanna. Í svörunum kemur fram að byggt verður á grunni eldra stöðvarhúss og landslagi við húsið verði ekki raskað. Gert er ráð fyrir því að allt byggingarefni, sem er í einingum, og vélbúnaður verði hífðar á grunninn frá gilbrúninni ofan húss. Ekki verði gerður akvegur að byggingarsvæðinu en fært sé að húsinu fyrir þau tæki sem notuð verða við að hreinsa gamla húsgrunninn og sográsina.

Reikna má með því að gert verði plan fyrir krana og tæki á gilbrúninni meðan á framkvæmdum stendur, að mestu á grónu ræktarlandi norðan við sjálft gilið. Fyllingar, aðrar en fyrir göngustíga skv. skipulagi, verða fjarlægðar að verki loknu. Ekki gert ráð fyrir akfærri leið niður í gilið að lokinni framkvæmd.

Aðrennslispípa frá stíflu að gilbrún verður lögð í skurð sem gerður var fyrir aðrennslispípu gömlu virkjunarinnar og ekki var fylltur. Pípan verður síðan hulin jarðvegi þannig að upprunalegt útlit skurðstæðis náist fram.

Að mati Umhverfisstofnunar mun framkvæmin eins og henni er lýst í tilkynningu framkvæmdaraðila, og að teknu tilliti til frekari upplýsinga frá framkvæmdaraðila, ekki hafa umtalsverð áhrif í för með sér. Þar sem um er að ræða svæði á náttúruminjasrá og hverfisverndað svæði er afar mikilvægt að öll umgengni miði að því að lágmarka varanlegt rask og að vandað verði til frágangs. Stofnunin telur eðlilegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar á vettvangi áður en til lokafrágangs kemur.

Umhverfisstofnun minnir á að leita ber umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdir innan svæða á náttúruminjasrá, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, áður en gefið er framkvæmdaleyfi.

  
Ólafur Arnason  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst,

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit: Umhverfisdeild Akureyrar.